



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
febrúar 2016  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, með síðari breytingum, 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 284 – 259. Mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku. Markmiðið með frumvarpinu er að auka markvisst framleiðni og lífsgæði launþega á Íslandi með því að fækka vinnustundum niður í 35 á viku, en líkt og skýrslur OECD hafa sýnt fram á haldast ekki endilega í hendur lengri vinnutími og meiri framleiðni.

Mannréttindaskrifstofan tekur undir sjónarmið um styttingu vinnudags í 7 dagvinnustundir í stað 8. Líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpinu er ekki samasemmerki á milli langs vinnudags og meiri framleiðni. Þvert á móti bendir margt til þess að styttri vinnudagur leiði til meiri framleiðni og aukinna lífsgæða.

MRSÍ styður efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri